




# Lyfjabrunnur

Lyfjabrunnur (Port-A-Cath) er lítið kringlótt málmhylki sem komið er fyrir undir húð. Við hylkið er tengdur örmjór leggur sem þræddur er inn í bláæð í brjóstholi. Á hylkinu er himna úr plastefni sem hægt er að stinga í gegnum.

Í lyfjabrunninn er hægt að gefa lyf, vökva, næringu og blóðhluta. Einnig má nota hann til blóðsýnatöku þegar ekki er unnt að taka blóð með hefðbundinni blóðtökuaðferð.



## Undirbúningur fyrir aðgerð

Tekið er blóðsýni nokkrum dögum fyrir aðgerð á göngudeild 10E í kjallara Landspítala við Hringbraut. Læknir hringir 1-2 dögum eftir blóðsýnatöku til að fá upplýsingar um heilsufar, töku lyfja og svara spurningum ef einhverjar eru. Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum, röntgenskuggaefni eða öðru.

## Kvöldið fyrir aðgerð

### Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við deyfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefnsv kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir aðgerð.

### Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir deyfingu. Eins þarf að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis. Hægt er að óska eftir dvöl á sjúkrahótelum ef þörf er á.

### Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér slopp og afþreyingarefni. Notaðu má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

### Aðgerðardagur

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Ekki má nota húðkrem, andlitsfarða, skartgripa eða naglalakk eftir sturtuna og klæðast þarf hreinum fötum.

**Mæta á dagdeild 13D á 3. hæð Landspítala við Hringbraut, að morgni aðgerðardags og hafa með öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf án samráðs við lækni eða hjúkrunarfræðing.**

Undirrita þarf samþykki fyrir aðgerð. Óvæntar aðstæður á skurðstofu geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Aðgerðin er gerð í staðdeyfingu og tekur um 30 mínútur. Stundum er tekin röntgenmynd til að staðfesta legu lyfjabrunnsins.

<b>Eftir aðgerð:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• verkjalyf eru gefin eftir þörfum</li><li>• létt máltíð fyrir heimferð</li><li>• þvaglosun er nauðsynleg fyrir útskrift</li></ul>	<b>Fyrir útskrift þarf að vera búið að fá:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• útskriftarfræðslu</li><li>• rafrænan lyfseðil fyrir verkjalyfjum ef þörf er á</li><li>• tíma í saumatöku ef þarf</li></ul>
---	---

## Útskrift

Útskrift er áætluð 2 – 3 klukkustundum eftir aðgerð.

## Verkir

Búast má við eymslum og bólgu á skurðsvæðinu í um viku eftir aðgerð. Flestir þurfa á verkjalyfjum að halda meðan bólgan hjaðnar. Taka má verkjalyf eftir þörfum samkvæmt leiðbeiningum á fylgiseðli lyfs.

## Skurðsár

Skurðsár er yfirleitt saumað með saumi sem eyðist. Óhætt er að fara í sturtu sólarhring eftir aðgerð. Ekki er ráðlegt að fara í baðkar eða sund fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð.

## Hreyfing

Ekki er þörf á að takmarka hreyfingu vegna aðgerðarinnar.

## Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerð á dagdeild. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

### **Hafa þarf samband við dagdeildir 11B eða 13D ef eftirfarandi hættumerki koma fram:**

- hiti er hærri en 38,5°C og kuldahrollur
- andþyngsli og brjóstverkur
- bólga er á hálsi eða kringum skurðsár og handlegg, þeim megin sem lyfjabrunnur er
- blæðing er frá skurðsári

## Símanúmer

- Dagdeild blóð- og krabbameinslækninga 11B er opin virka daga frá klukkan 8 - 16, sími 543 6130.
- Dagdeild skurðlækninga 13D er opin virka daga frá klukkan 07 - 19, sími: 543 7480. Utan þess tíma má hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og biðja um samband við vakthafandi deildarlækni á skurðlækningasviði Hringbraut.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

---

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

---

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI

SKURDLÆKNINGASVIÐ

MAÍ 2017

LSH-328

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR SKURDLÆKNINGAEILDAR

OG DEILDARSTJÓRI 13D

HÖNNUN:

SAMSKIPTAEILD